

L Ö G

um

ríkisskuldabréf.

51

4. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer, samkvæmt 4. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabréf, höfum látið innfæra í texta laga nr. 8, 20. júní 1923, breytingar þær, er gerðar eru á þessum lögum, samkvæmt fyrstnefndum lögum, og gefum þau hjermeð út með áorðnum breytingum í einu lagi sem lög um ríkisskuldabréf.

1. gr.

Þegar lán eru tekin fyrir hönd ríkissjóðs, skal fyrir þeim gefa út skuldabréf á íslensku, með þýðing á eitt eða fleiri útlend mál, þegar ástæða er til þess.

2. gr.

Öll skuldabréfin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvert sinn.

3. gr.

Skuldabréfin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára og með vaxtamiðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er, að brjefin megi vera lengst í umferð.

Af skuldabréfum þeim, sem út eru gefin í hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabréfaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabréfin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglugerð.

51

4. júní

4. gr. Þegar lánsheimild er fyrir hendi, skal stjórnin jafnan sjá um, að almenningur eigi kost á að kaupa skuldabréfin í bönkum, sparisjóðum og á öðrum stöðum, er henta.

5. gr.

Brjefin sjálf og vaxtamiðar þeirra skulu í gjalddaga greidd með ákvæðisverði, án nokkurs frádráttar, stimpilgjalds eða skatts og eru sömuleiðis gjaldgeng í ríkissjóð í hverja greiðslu sem er, svo sem peningar væru.

6. gr.

Brjef og vaxtamiðar, er í gjalddaga eru fallin, greiðast úr ríkissjóði, er einnig getur falið bönkum, hjerlendum eða útlendum og öðrum stofnunum, að annast slíkar greiðslur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.